# Starfsáætlun 2022-2023

## Félagsmiðstöðin Igló

Sigurður Pálmarsson
sigurdurp@kopavogur.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

# Starfsáætlun – Félagsmiðstöðin Igló

## Hagnýtar upplýsingar

Igló er opin fyrir nemendur í 8. – 10. bekk alla virka daga og fyrir 5. – 7. Bekk 1-2 í mánuði. Félagsmiðstöðin er staðsett í húsnæði Snælandsskóla v. Víðigrund. Opnunartímar eru: Mánudaga og miðvikudaga kl. 12:30-22:00, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12:30-16:00 og annan hvern föstudag frá 12:30-16:00 og 20:00-23:00.
Sími í Igló er 441 4230 / 696 1621 og netfang er sigurdurp@kopavogur.is

## Félagsmiðstöðvadagatal

Sameiginlegt viðburðadagatal félagsmiðstöðvanna er útbúið á vorönn hvers árs af forstöðumönnum, verkefnastjóra og deildarstjóra. Tekið er mið af tillögum félagsmiðstöðvaráða og hlutastarfsfólks við gerð dagatalsins.




## Starfið í vetur

Í starfinu er lögð áhersla á jafnrétti, sjálfstæði og fjölbreytileika. Reynt er að sníða dagskrá þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Ýmiskonar hópefli og klúbbastarf er í boði á kvöldopnunum. Einstaklingar sem t.a.m standa höllum fæti félagslega eru hvattir til að mæta í félagsmiðstöðina af starfsfólki. Áhersla er lögð á að umhverfi Igló sé öruggt fyrir öll þau sem mæta. Miðstigsstarf fer fram á fyrri hluta kvöldopnunar og er skipulagt í samráði við nemendaráð Igló. Félagsmiðstöðin á í samskiptum við skólann og starfsfólk hans varðandi ýmis mál, s.s. viðburði eða einstaka mál nemenda. Reglulegt samstarf við sérdeild skólans varðandi einstaka nemendur. Skólinn fær afnot af húsnæði félagsmiðstöðvarinnar fyrir m.a. hljóðfæranám og valgreinar. Reglulegir fundir bæði með námsráðgjafa og skólastjórnendum. Ritari skólans aðstoðar einnig félagsmiðstöðina t.d. við samskipti við forráðamenn nemenda þegar senda þarf í gegnum Mentor.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

## Viðburðir í vetur

Hjá Igló er skipulögð dagskrá á hverri kvöldopnun t.d. ferðir, hópefli, mót, ofl. Klúbbastarf er flest allt á fyrri kvöldopnunum kl. 17:00-18:30 en einnig dagopnunum ef þannig ber undir. Félagsmiðstöðvarnar sjá unglingum fyrir fræðslu á forvarnaviku í október.  Igló býður upp á aðkeyptar fræðslu ef fjárhagur leyfir. Eins byggist starfið mikið á óformlegri fræðslu frá starfsfólki Igló.

Igló skipuleggur m.a. jólaball og árshátíð ásamt nemendaráði og í samráði við skóla. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva eru m.a. böll, stuttmyndahátíð, Getkó, íþróttaleikar, lan-mót, sköpunardagur, söngkeppni, skíðaferð og félagsmiðstöðvahátíð.

## Hópastarf

Hópastarf er opið öllum og fer oftast fram á fyrri kvöldopnun. Miðað er að safna hópi saman utan um ákveðin áhugamál og unglingarnir skipuleggja sjálf hvað er gert hverju sinni. Í vetur er m.a. klúbbastarf í kringum kvikmyndir og stuttmyndagerð, textíl, hljóðver og hlutverkaspil.

Ef um sértækt hópastarf er að ræða er það miðað við ákveðinn hóp og er reynt að safna í hann með öðrum leiðum, t.a.m með samstarfi við starfsfólk skólans. Í vetur er áætlað að vinna með hópa tengdum sérdeild skólans og unglingum með annað móðurmál en íslensku. Þar er áætlað að hópurinn mæti í fyrstu þegar rólegt er á fyrri kvöldopnun en þegar líður á er vonin að fara með þau í stuttar ferðir út fyrir félagsmiðstöðina. Eins er í undirbúningi starf tengt annars vegar hópi með kvíða og hins vegar hóp tengdan styrkingu stúlkna.

Í sumarstarfi félagsmiðstöðvarinnar eru góð tækifæri til frekara hópastarfs í samstarfi með Vinnuskóla Kópavogs. Þar er möguleiki á að efla unglinga sem annars myndu t.d. vera heima eða sæktu félagsmiðstöð í litlum mæli. Í sumar var lítill hópur sem mætti að degi til sem fékkst við ýmis konar listsköpun og fór á söfn. Eins var opið fyrir þann möguleika að fleiri utan hópsins gætu slegist með í för ef áhugi var á slíku og var það gert í samráði við flokkstjóra vinnuskólans.

## Unglingaráð

Félagsmiðstöðvaráð Igló er opið ráð þar sem öll geta skráð sig. Ráðið hittist a.m.k. einu sinni í viku eftir skóla, skipuleggur saman viðburði félagsmiðstöðvar og ræðir annað sem snertir starf Igló. Fulltrúar Igló sitja einnig í Félkó-ráði félagsmiðstöðvanna og Ungmennaráði Kópavogsbæjar.

## Foreldrasamstarf

Foreldrar eru látnir vita um helstu viðburði í gegnum ritara skólans. Eins er prentvæn dagskrá félagsmiðstöðvarinnar sett á heimasíðu Igló mánaðarlega svo allir séu vel upplýstir. Haft samband við foreldrafélag og fulltrúa foreldrarölts.

## Verkferlar

- Allir verkferlar frístundadeildar
  Í þeim má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar
- Neyðaráætlun
  Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.
- Móttaka nýrra starfsmanna
  Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.
- Öryggisgátlisti

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.

- Gátlistar í sértæku hópastarfi
  Gátlistar unnir af starfsfólki félagsmiðstöðva og aðgengilegir á sameign.
- Handbók um starfið
  Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla). Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla og er með úthlutað hlutverk í þeim.

## Innra mat

Starfsmannafundir eru að minnsta kosti einu sinni í mánuði þar sem m.a. dagskrá er skipulögð og farið yfir einstök mál er varða starfið. Skoðum upplýsingar R&G um skólann og hverfið sem við störfum í þegar niðurstöður koma.

Í lok vaktar er ávallt rýnt í kvöldopnun eða viðburð. Farið er yfir hvað betur má fara og hvað gengur vel.  Unglingar sem sækja Igló eru einnig reglulega spurð hvað megi betrumbæta í starfinu. Venjan er á seinni hluta starfsárs að unglingarnir taki könnun um starf vetrarins. Farið er yfir niðurstöðurnar á starfsmannafundi og unnið úr þeim fyrir næsta ár.

Reynt verður að auka þátttöku nemenda í sérdeild og unglinga með annað móðurmál en íslensku. Auk þess er bæting búnaðar ofarlega á lista. Þörf uppfærsla á hljóðveri og einstaka leiktækjum sem komin eru til ára sinna meðal annars.

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

## Símenntun

Starfsmannafræðslur reglulega sem allt starfsfólk félagsmiðstöðva sækir. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga Samfés og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

### Símenntunaráætlun – Frístundadeild 2022-2023

| Fræðsluerindi | Dagsetning | Efni | Fyrirlesari | Staðsetning |
|---|---|---|---|---|
| Velkomin til starfa-Nýliða/starfsmannanámskeið | 24. og 26.ágúst | Nýliðafræðsla og fræðsla um sértækt hópastarf | Áslaug Einarsdóttir | 24.8 Smáraskóli 26.8 Salur á Seltjarnarnesi |
| Verndari barna | 5.september | Vernd barna gegn ofbeldi | Barnaheill - Guðrún Helga | Molinn kl 17:00-19:00. |
| Stjórnendafræðsla | 13.september | Jákvæð forystuhæfni/stjórnun | Ingrid Kuhlman | Fannborg 6 - Fundarherbergi Völlur |
| Skyndihjálp | Kemur síðar | Skyndihjálp | Athuga mannauðsdeild | Eloomi fræðsluvefur |
| Kynning á fræðslutorgi | 6.september-Á forstöðumanna-fundi | Eloomi fræðslu og námskeiðskerfi | Harpa | Teams |
| Forvarnarvika – stjórnendafræðsla | 1.október | | Mánudagsfræðsla grunnskóladeildar | Teams |
| Hvaðan ertu - stjórnendafræðsla | 1.nóvember | Námskeið fyrir stjórnendur félagsmiðstöðva og frístundar | Miriam Petra | Fönix |
| Hvaðan ertu | 7.nóvember | Fjölmenningarfræðsla | Miriam Petra | |
| „Verkfærakistudagur" félagsmiðstöðvanna | 5.des | Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru. | | |
| Vika 6 | 6.-10.febrúar | Kynfræðsluefni varðandi átakið „Vika 6" | Kolbrún Hrund-Jafnréttisfulltrúi hjá Rvk.borg | Molinn |
| Skipulagsdagur hlutastarfsamanna | 10.maí | Hlutastarfsmenn félagsmiðstöðva ígrunda starfsárið og koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í samtali við verkefnastjóra og deildarstjóra frístundadeildar. | | Dimma |

### Fræðsluáætlun -Félagsmiðstöðvar/Molinn/Hrafninn

| Fræðsluerindi | Mánuður |
|---|---|
| Samfélagsmiðlar - Forvarnarvikan | Október |
| Fjölmenning | Nóvember |
| Orkudrykkir | Janúar |
| Kynfræðsla | Febrúar |
| Sjúkást/Unglingar gegn ofbeldi | Maí |
| | |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

## Fjöldatölur 2020-2021

Fjöldatölur félagsmiðstöðvarinnar eru teknar saman í hverjum mánuði og sendar deildarstjóra.
Hér má sjá fjöldatölur frá ágúst 2021 til júlí 2022:




## Starfsfólk

Sigurður Pálmarsson - forstöðumaður
Hugi Leifsson Bachmann – frístundaleiðbeinandi
Ragnhildur Björk Ingvarsdóttir – frístundaleiðbeinandi
Rakel Svavarsdóttir – frístundaleiðbeinandi

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026